

126 sveitarstjórnnum og rétt að rannsaka eða láta rannsaka bækur utansveitarat-
31. jan. vinnurekenda með sama hætti sem skattanefndir, enda hvílir á sveitarstjórnnum
sama þagnarskylda og á skattanefndum um þau atriði, er þeir verða áskynja
um og hag aðilja varða.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð þau, er í reglum þessum getur,
og sér um, að þau verði fánleg hjá hreppstjórnnum og sveitarstjórnnum.

Skylt skal hreppstjórnnum, formönnum skattanefnda og oddvitum sveitar-
stjórna að veita mönnum leiðbeiningar og aðstoð um skýrslugjafir samkvæmt
reglum þessum.

8. gr.

Skrár þær, sem sveitarstjórn gerir samkvæmt 14. gr. útsvarslaganna, yfir
þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari
sveit, skal sveitarstjórn atvinnusveitar senda til viðkomandi heimilissveitar
eins fljótt eftir áramót og unnt er.

Ekki skulu skýrslur þessar taldar hafa komið of seint fram, ef þær berast
sveitarstjórn heimilissveitar fyrir miðjan aprilmánuð. Þó skulu skýrslurnar ætíð
taldar hafa komið fram í tæka tíð, ef þær berast til heimilissveitar áður en nið-
urjöfnun útsvara þar er lokið.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi numdar
reglur um útsvarsskýrslur utansveitarmanna frá 8. nóvember 1927.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

127

4. des.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um Slysatryggingu ríkisins 28. desember 1931.

Samkvæmt lögum nr. 72, 8. september 1931, um slysatryggingar, eru hér
með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Í tryggingarskyldri iðntryggingu teljast menn því aðeins slysatryggðir á
leið til eða frá vinnu, eða í sendiferðum beint í þágu hennar, á vinnutímanum,
að það hafi verið tekið fram af váttryggjandanum þegar vinnan var tilkynnt
og skráð til tryggingar, enda sé þá sú vinna ekki skráð til tryggingar í lægra

áhættuflokki en 4. flokki og að öðru leyti séu fyrir hendi þau skilyrði, sem fram eru tekin í 4. gr. reglugerðarinnar. 127
4. des.

2. gr.

Stjórn tryggingarinnar úrskurðar það hverju sinni, hvort atvik sem slysi valda, hafa staðið í því sambandi við hina tryggðu vinnu, að slysið geti talizt bótaskyldt eða eigi.

Nú verður bótaskyldt slys beint af völdum annars manns og er Slysaftryggingunni eigi að síður skyldt að bæta það, enda þótt hinn slasaði kunni að eiga skaðabótakröfu á hendur þeim, sem slyssins var valdur.

3. gr.

Nú orsakast slys af óafsakanlegu gáleysi slasaða sjálfs, og er Slysaftryggingunni þá ekki skyldt að bæta það slys.

4. gr.

Nú eru menn skráðir eða ráðnir á skip til fiskveiða, en vinna þó aðeins tryggingarskylda landvinnu í þágu útgerðarinnar (móttöku fiskjar, aðgerð, lóðabeiting), og er þá heimilt að endurgreiða af iðgjaldinu mismuninn, sem verður á milli þess áhættuflokks, sem skráð var í, og þess áhættuflokks, sem bæri að tryggja landvinnuna í, enda sé það skilmerkilega sannað fyrir þeim umboðsmanni tryggingarinnar, sem hina upphaflegu tryggingu skráði.

5. gr.

Aftan við 11. gr. slysaftryggingarreglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er þó að fyrirlagi atvinnumálaráðherra í hvert sinn að verja fé Slysaftryggingarinnar til sérstakra útlána gegn fyrsta veðrétti í fasteign.

6. gr.

Mál út af rétti til slysabóta má höfða fyrir gestarétti Reykjavíkur.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.